

Endurskoðun ákvæða hegningarlaga um ærumeiðingar: Mat á nauðsyn og verkefnisáætlun

Drög, 1. október 2015

Vandamál: Núverandi ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um ærumeiðingar þarfnast endurskoðunar. Þau veita heimild til að beita refsingum (fangelsisvist og sektum) sem eru úreltar. Þótt þeim heimildum sé ákaflega sjaldan beitt gætu þær haft fælingaráhrif og gefið slæmt fordæmi á alþjóðavísu. Þá er orðalag ákvæðanna mjög fjarri þeirri túlkun sem hefur mótast á undanföllum árum hjá dómstólum, meðal annars vegna dóma Mannréttindadómstóls Evrópu. Ekki er þannig minnst á helstu varnir í meiðyrðamálum, sem sagt að sannindi ummæla eða góð trú á sannleiksgildi þeirra geti gert þau lögmæt. Slíkt torveldar þeim sem tjá sig opinberlega að átta sig á réttarstöðu sinni og gerir dómstólum erfiðara fyrir að fylgja fordæmum Mannréttindadómstóls Evrópu.

Markmið fyrirhugaðrar endurskoðunar er að gera tillögur um breytingu á ákvæðum almennra hegningarlaga um ærumeiðingar þannig að þau séu í sem bestu samræmi við kröfur stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu eins og þær birtast í túlkun dómstóla. Gætt sé hæfilegs jafnvægis milli tjáningarfrelsis og réttar til æruverndar og tekið tillit til réttar fjölmiðla og annarra til að fjalla um opinber málefni með hvössum og gagnrýnum hætti. Að lágmarki þarf að tryggja raunhæf og skilvirk réttarúrræði fyrir þá sem verða fyrir ólögmætum ærumeiðingum, að minnsta kosti í alvarlegri málum þar sem bornar eru fram þungar ásakanir án nægilegs tilefnis.

Kannaðar séu nýlegar lagabreytingar á þessu sviði í löndum sem Íslendingar miða sig gjarnan við sem og tilmæli frá helstu alþjóðastofnunum og samtökum sem láta sig tjáningarfrelsi varða. Taka þarf tillit til þróunar í fjölmiðlun, löggjafar á skyldum sviðum og framkvæmdar varðandi siðareglur fjölmiðlamanna.

Nánar um þau atriði sem þarfnast endurskoðunar:

1. Ærumeiðingar verði ekki lengur refsiverðar. Skoða þarf hvort viðhalda eigi því úrræði að hægt sé að ómerkja ummæli en þá þannig að slíkt eigi einungis við um ósannaðar staðhæfingar. Í stað refsinga verði væntanlega gert ráð fyrir miskabótum og eftir atvikum skaðabótum. Huga þarf að samhengi við önnur úrræði laga eins og rétt til leiðréttingar og andsvara.
2. Athuga þarf hvernig skilgreina eigi ærumeiðingar. Nærtækt er þannig að skoða hvort ekki sé orðið úr takt við tímann að lýsa móðganir ólögmætar. Eftir standa þá einkum aðdróttanir en ekki er víst að orðalag ákvæðis um þær kalli á endurskoðun. Sum lönd hafa þó farið þá leið að lögfesta ákveðinn lágmarksþröskuld fyrir því að tjáning sem snertir æru manna teljist ólögmæt.
3. Endurskoða þarf ákvæði um útbreiðslu ærumeiðinga. Núgildandi ákvæði endurspegla það viðhorf að útbreiðsla sé jafnalvarleg og frumærumeiðing. Dómaframkvæmd a.m.k. hjá Mannréttindadómstólum hefur verið í þá átt að útbreiðsla sé metin vægar en frumærumeiðing.
4. Varnir í meiðyrðamálum eru nú að meginstefnu byggðar á ólögfestum grunni. Skoða þarf hvort ekki eigi að lögfesta að minnsta kosti þær helstu: Að sannindi ummæla leysi yfirleitt undan refsingu, að ummæli um opinber málefni séu varin ef viðkomandi er í góðri trú um

sannleiksgildi þeirra, til dæmis vegna þess að þau byggja á opinberum gögnum eða vegna þess að hann viðhafði þá aðgát sem hægt er að ætlast til.

5. Sönnunarkröfur þarf að skoða. Í sumum réttarkerfum hefur mátt merkja þróun í þá átt að sönnunarbyrði sé í vissum tilvikum snúið við þannig að sá sem verði fyrir ærumeiðingu þurfi að sanna að tiltekin skilyrði séu fyrir hendi. Hér á landi hefur sönnunarbyrði yfirleitt hvílt á þeim sem hefur látið meiðandi ummæli falla, þ.e. á honum hvílir að sanna að skilyrði ólögætrar ærumeiðingar séu ekki fyrir hendi.
6. Málshöfðunarfrestir. Taka þarf á því hvenær málshöfðunarfrestur eigi að byrja að líða. Er það þegar meiðandi ummæli birtast í fyrsta skipti eða byrjar hann í raun ekki að líða á meðan tjáning er aðgengileg til dæmis á vefnum?
7. Taka þarf afstöðu til þess hvort ákvæði um ærumeiðingar verði áfram í hegningarlögum sem væri sérkennilegt ef engar refsingar væru lengur lagðar við slíkum brotum. Þá kæmi til greina að setja sérstök lög um ærumeiðingar, bæta ákvæðum við skaðabótalög eða við fjölmiðlalög.
8. Athuga þarf hvort enn sé ástæða til að viðhalda sérreglu um æruvernd opinberra starfsmanna sem felst í því að slík brot sæta ákæru að kröfu þess sem fyrir verður.

Helstu mögulegar leiðir:

1. Óbreytt ástand

Þá yrði í raun gengið út frá að áfram myndu dómstólar axla þá ábyrgð að framfylgja kröfum stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu án þess að hafa við skráð lög að styðjast nema að takmörkuðu leyti. Um ókosti þess hefur verið fjallað hér að framan.

2. Minniháttar lagfæringar

Hægt væri til dæmis að láta við það sitja að afnema refsingar við ærumeiðingum eða líta á það sem fyrsta áfanga. Ókostur væri sá að afnám refsinga breytir fremur litlu varðandi réttarstöðuna og tekur ekki á þeim atriðum sem oftast reynir á í dómsmálum og hafa til dæmis valdið því að Ísland hefur verið dæmt brotlegt við MSE.

3. Heildarendurskoðun

Fram fari heildarendurskoðun ákvæða um ærumeiðingar. Má færa rök fyrir því að slíkt sé í raun löngu tímabært enda hafa ákvæðin nær ekkert breyst frá árinu 1940. Er þetta því sú leið sem lögð er til.

Verkefnisáætlun:

Verkefniseigandi: Stýrihópur um tjáningafrelsi

Verkefnisstjóri: ?

Hagsmunaaðilar: Blaðamannafélag Íslands o.fl.

Áhættuþættir: Ekki reynist pólitískur stuðningur við að leggja til þær breytingar sem stýrihópurinn ráðgerir.

Aðföng:

Tímaáætlun:

Okt. – des 2015: Frekari greiningarvinna, samráð og mat á áhrifum.

Jan. – mars 2016: Ritun frumvarps.